

## Gos í Eyjafjallajökli - staða 27. apríl 2010 kl. 19

### Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: MJR / SSJ / MTG / BO

#### Staða byggð á:

- Jarðskjálftamælum
- Vatnsrennsli í Markarfljót
- GPS mælum
- Upplýsingum úr flugi með 6 sæta skrúfuvél frá flugfélaginu Ernir

#### Gosmökkur:

Stefna: VNV- frá eldstöð.

Hæð: Hæð, séð úr flugvél kl. 12, 10–12 þúsund fet.

Litur: Gossmökkurinn var tvískiptur. Annars vegar ljós að mestu leyti (gufa) og náði hann yfirleitt ekki hátt, en hins vegar dökkgrár og svartur upp í ca 1/3–1/2 hæð. gosmakkarins og ljósari þar fyrir ofan og efst var gosmökkurinn hvítur. Hvít gufa efst í Gígjökli sést öðru hvoru á vefmyndavélum. Aðeins grái mökkurinn rís að marki yfir jökulinn.

Gjóskufall: Dálítið öskufall á Hvolsvelli og Hellu, skyggni gott en sest á bíla.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst síðan 19. apríl.

Drunur: Drunur heyrast á Hvolsvöll.

#### Bræðsluvatn:

Svipað og seinustu daga, um 100 m<sup>3</sup>/s. Upp úr hádegi kemur fram vatnspúls með lágrí leiðni undir Markarfljótsbrú. Vatn fer enn vaxandi kl. 15:45.

#### Aðstæður á gosstað:

Vel sást til gossins í fluginu. Gosvirkni í nyrðri katlinum er svipuð og síðustu daga. Gígurinn er staðsettur í suð-vesturhorni ketilsins og hleðst upp jafnt og þétt. Gígbarmar eru á að giska 50 m lægri en barmar ketilsins. Stöðug klepravirkni, slettur ná í 100–200 m hæð. Öskumekkir rísa upp með ákveðnu millibili en eru ekki stöðugir. Höggbylgjur sáust neðst í mekkinum. Hraun heldur áfram að renna til norðurs og hefur nú náð um 1 km frá gígnum. Dældir í jöklinum sem hraun rennur eftir hafa stækkað mikið frá á laugardag þegar síðast sást til gosstöðvanna. Gígjökull er grár vegna gjóskufalls. NV-kinn jökulsins er svört af gjósku.

Öskufjúk með upptök á láglandi sunnan jökulsins sást undir Eyjafjöllum og í A-Landeyjum.

#### Gosórói:

Svipaður og undanfarna daga.

**Jarðskjálftar:**

Enginn skjálfti hefur mælst síðan í gær.

**GPS-aflögun:**

Lítill hreyfing inn að miðju fjallsins.

**Kvikufláði:**

Engar beinar mælingar í dag en heildarfláði talið svipað og undanfarna daga (20–40 tonn/sekúndu).

**Aðrar athugasemdir:**

Engin merki um breytingar undir Kötlu.

**Heildarmat:**

Kvikustreymi og gosmökkur hefur verið með svipuðum hætti og undanfarna sólarhringa og hraun heldur áfram að renna til norðurs í upptökum Gígjökuls. Sprengigos og gjóskumyndun er því aðeins lítið brot af því sem var þegar gosið var mest (14.–17. apríl) þó gjóskufalls gæti 40 km vestan gosstöðvanna. Ekki sjást merki um að gosi sé að ljúka.